

Suður um nesin

ur lóna þar undir hvítum voðum, eins og tiginborna svani. Við stöðrum ekki lengi við á Hvalsnesi. Ekki þó vegna þess, að staðurinn sé ómerkur, heldur er liðið nokkuð á dag og útgerðarhættirnir og sjósókn áður fyrr ekki til muna frábrugðin því, sem var á Stafnesi.

Litumst þó aðeins um aðri við sjóinn í boði Magnúsar Þórarínssonar frá Löndum. Hann segir svo frá veiðarfærum Miðnesinga í bókinni „Frá Suðurnesjum“, sem gefin var út árið 1960:

„Helsta og oftast eina veiðarfærið er handfærið. Fyrir sunnan Skaga og í Grindavík eru notuð 60 faðma færi, 40 faðma fyrir innan Garðskaga. Sökkur voru egglega steinar, 2 pund (1 kg.) að þyngd, með skoru, sem höggvin er svo langt inn í steininn, að snæri kemst þar fyrir til að halda honum föstum. Slíkir steinar voru nefndir Vaðsteinar.“

1753 flytur Skúli fógeti inn þorskanet frá Sunnmæri í Norðgi og var það fyrst notað í Hafnarfirði. Enn eru tilnefndar lóð og skötulóð.


Magnús lýsir svo aflaskiptum:

„Skipting aflans er framkvæmd á hverjum degi, eftir að báturinn hefur verið settur. Fer hún fram með þessum hætti: Hver maður fær hlut, og báturinn tvo, nema tvíæringar fá einn hlut. Ef notuð eru þorskanet eða lóð, fær netið eða lóðin einn hlut.“

(Því er tilvitnuð klausa í nútíð, að Magnús notar sýslu- lýsingu Skúla Magnúsar fógeta, „Landnám Ingólfs“ til heimilda.

Magnús minnst frönsku skonnortanna frá því er hann var að alast upp á Flankastöðum:

„Á þessum árum, fram yfir 1890, voru í algleymingi handfæra-veiðar Frakka hér við land. Flest þessi skip voru skonnortur, tvímastraðar, með



Kappróðrabátar Sandgerðinga.

þremur eða fjórum forseglum og einu rásegli, sem hagleikið var frá dekki, svo ekki þyrfti að klifra upp og út á rárnar, til þess að binda seglíð eða leysa. Sú saga hefur gengið, að kona ein í Frakklandi hafi misst son sinn, er hann var að binda rásegl. Slæfði hún sorg sína með i-hugum um, hvernig þetta verk mætti inna af hendi, án þess að klifra út á rána, og fann útbúnað til þess að láta rárnar vefja á sig seglinu með aðgerðum frá dekki. Munu franskir skonnortur hafa haft einkaleyfi á þessum útbúnaði, enda ekki almennt vitað til, að annarra þjóða seglskip, sem flest höfðu fleiri eða færri rásegl, hafi notað þessa aðferð.

Allar voru skonnorturnar ljósmálaðar, og ég held, að þær allar hafi haft Mariulíkneski á stefninu undir bugspjóttinu. Líkneskin voru máluð hvít eins og skipin sjálf, með mikið slegið háir og gulu eða gylltu flúri.

Við stráklingarnir tókum okkur oft fyrir hendur að telja skonnorturnar í Stafnesdjúpinu. Ef ég fór upp á baðstofumæni, sem var minn útsýnisturn, gat ég oft talið 50–70, en drengir úr Stafneshverfi, er sáu um allan Hafnaleir og suður undir Reykjanes, er mér var dulið frá Flankastöðum, töldu stundum um eða yfir 100 skip.“

„Við unglíngarnir vorum hugfangnir af þessum stóru og fögru skipum, með drifhvítum seglum, er klufu sjóinn svo sterklega og skvettu frá sér bárunni. En svo strönduðu þau oft á Eyrinni, Lambarífi, eða annars staðar á Miðnesi.“

Þannig hafa fleiri fallið fyrir töfrum hinna hvítu segla við hafsbrún en meistari Þóbergur.

Og við öllum úr hlaði á Hvalsnesi, framhá Nýlendu, er stendur næst Hvalsnesbænum, og enn framhá Löndum og Nesjum, sem einnig eru í Hvalsneshverfi.

Skammt norðan við Nesin er bóndi að huga að girðingu. Ég hafði tekið eftir honum á suðureftirleiðinni. Þá var hann að bardúsa við girðinguna rétt við hliðið, velti þar hnullungsbjörgum til og frá og bar sig yfirleitt þannig, að hann hlaut að hafa dyttað að þessari girðingu einhvern tíma áður. Nú var hann kominn góðan spól norður með henni og var að reyna staurana, þegar ég kom að.

Ég stöðvaði bílinn og heilsaði upp á hann. Innti síðan eftir skepnuhöldum.

— Nei, ég hef engar kindur, svaraði bóndi spurningu þar að lútandi.

— Hér má ekki hafa kindur, áréttaði hann svo.

— Náttúrlega er það tón vitleysa. Sjáðu t.d. þarna á

Fuglavík, næsta bæ. Þar má hafa kindur og svo náttúrlega í Sandgerði.

— Vitanlega er gefið mál, að þær rása hér um alla heiði og halda sig auðvitað ekki frá flugbrautum. Enda er mér kunnugt um, að þeir hafa orðið að hafa verði til að reka frá.

— Ég myndi samt ekki hafa kindur, þó ég mætti. Ég fékk alveg nóg af því að hirða þær hordauðar úr víraflækjunum hérna um heiðina. Það er svo skrítíð, að innan í gaddavírsflækjunum vex meira gras en annars staðar í kring. Kindurnar leita í þetta og komast stundum í snúningana, en ekki út úr þeim aftur vegna ullarinnar.

— Svona missti ég sjö kindur á nokkrum árum. Ekki þótti mér gaman að koma að þeim hordauðum í flækjunum og lömbin jarmandi rétt hjá.

Svona geta framfarirnar orðið til afturfara, sem verða svo aftur til framfara gróðrinum í heiðinni. Guðmundur á Bala segir mér, að sér virðist gróðri vera að fara fram aftur á seinni árum, eftir aldalangan óaflátanlegan upplástur.

Eini bærinn, sem stendur austan vegarins á allri leiðinni, er Melaberg rétt utan við Nes. Bærinn stendur hátt og horfir vítt um.

Á Bjarskerjum

Bærinn á Bjarskerjum, eða Bæjarskerjum, stendur niður undir sjónum rétt sunnan við Sandgerði. Þar var ein meiri-háttar útgerðarstöðin á Miðnesi, ásamt með Stafnesi, Hvalsnesi, Sandgerði og Flankastöðum. Þar fæ ég til fylgdar með um ungan dreng, sem ég man því miður ekki lengur nafnið á. Þó man ég, að það var mikið nafn. Hann varð mér samferða niður túnið, fram á sjávararkambinn.

— Sjáðu, segir hann og bendir mér á ummálmikinn flatan klett fram úr kambinum.

— Þessi klettur heitir Kirkjuklettur. Einu sinni var á honum kirkja, en sjórinu tók hana.

Þarna er glögg leiðsaga. Örnefnið, tilefnið og örlög tilefnisins, allt í einni setningu. Sumir hefðu eflaust skrifað um þetta bók.

Svo víkur hann sér suður með girðingunni að gömlu bátsflaki.

— Sko. Á þessum báti réri hann afi minn.

Ég virði flakið fyrir mér og mér sýnist allt benda til að

þarna sé kominn gamall björgunarbátur. Fyrir utan þóturnar eru fjalabekkir með báðum síðum, eins og títt er um báta, sem eiga að rúma margmenni þótt smáir séu.

— Ertu viss um það? spyr ég.

— Já, alveg viss, segir strákurur ákveðinn.

— Mér sýnist þetta vera gamall björgunarbátur.

— Nei, þetta er báturinn, sem hann afi minn réri á. Hann sagði mér það sjálfur.

Og ég á gat.

Svo dudduðum við við að skipta um filmur í vélunum og svo var kallað heiman frá bænum og strákur varð ókyrr.

— Það er verið að kalla á mig.

Svo veit ég ekki meira um strákin, bátinn eða afann.

Sandgerði

Og höfuðstaður Miðnesinga heitir Sandgerði. Þar var útræði um aldir. Þetta er orðið mikið pláss, með rúmlega 800 íbúum, að því er segir í Ferða handbókinni góðu.

Sjálfri byggðinni í Sandgerði hef ég gert skil a.m.k. tvívegis áður. Hér í Tímanum og fyrir nokkrum árum í Alþýðublaðinu. Þess vegna fór um við beint strik ofan fyrir frystihúsin upp af fjörunni og horfum á þeysireið á sandinum. Hann er svo þéttur, að varla markar í hann eftir höfana á hestinum.

Svo hverfa maður og hestur fyrir horn og upp í plássíð, en við vindum okkur niður á bryggju.


Heppnin eltir okkur á röndum. Kvenfólkið er að æfa röður fyrir Sjómannadaginn. Þær hafa karlkyns þjálfara og áralagið sýnist mér snotuft, þó ég kunnist það ekki sjálfur.

Nokkrum dögum fyrr, átti ég leið um bryggjuna í Sandgerði. Þá voru strákar að róa kappbátunum. Þeirra áralag þótti mér einkennilegt. Stundum voru tveir þriðju árána í sjó, eða við yfirborðið, meðan einn þriðji gnæfði við himinn.

Þannig á víst ekki að róa Stýrimaðurinn sat í skut og kastaði sér taktfast fram í gráðið um leið og hann rak upp einhver hljóð.

Tveir þriðju árána gnæfðu við himinn, meðan einn þriðji var á ýnsum stigum idýfunnar í sjóinn.

En það hlýtur að enda með því að strákarnir læri að róa. Héðan frá Sandgerði réru fyrstu vélbátarnir á Miðnesi rétt upp úr aldamótum. Hérna



Horfst í augu við ókind af Hvalsnesfjörðu